



HAFNARFJÖRÐUR

17.08.2017

Umsögn fræðslu- frístundarþjónustu vegna aðalskipulagsbreytinga við Suðurgötu – Hamarsbraut

Í tölvupósti þann 15.08.2017 óskar Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar eftir umsögn fræðslu- og frístundarþjónustu á breytingum á aðalskipulagi við Suðurgötu – Hamarsbraut og hvaða áhrif þær gætu mögulega haft á leik- og grunnskóla.

Áhrif breytinganna

Möguleg áhrif skipulagsins á leik- og grunnskólastarf á svæðinu eru óveruleg. Þó má benda á að vöntun er nú þegar á leikskólaplássum í hverfinu svo huga þarf að frekari uppbyggingu leikskóla á þessu svæði í nánustu framtíð. Bent skal á að nú þegar hefur leikskóli með 36 leikskólaplássum verið tekinn úr rekstri í þessu hverfi og ekki bætt við í þessu nýja skipulagi.

Breytingarnar hafa einnig óveruleg áhrif á grunnskólastarf í hverfinu. Reikna má með að það verði lítil fjölgun grunnskólanemenda við þessar breytingu. Öldutúnsskóli ætti að geta sinnt þessari fjölgun sem hugsanlega verður. Minnt er á að Öldutúnsskóli þarfnast endurbóta ef hann á að sinna hlutverki sínu áfram í suðurbænum. Hverfi sem hugsanlega má búast við að endurnýjst með yngri íbúum á næstu árum og áratugum.

Virðingarfyllt


Fanney Dórothe Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundarþjónustu